

Lindaskóli Kópavogi og Grunnskólinn Hornafirði á Laugum í apríl 2013

Birt með leyfi höfundar ☺

Dagur 1

Hann var bjartur þessi fimmtándi dagur aprílmánaðar. Glampanði sól en hvass úr norð austri og útvarpið sagði kafaldssögur úr frá íshafsströndum Íslands. Hvalfjörðurinn hvít fryssaðist þegar við fórum undir hann á gulum langferðabíl og í gegnum huga gamla hippans flaug/synti lagið um Gula Kafbátinn þeirra Bítlesmanna og Ringo söng um árið. Sjálfskipt rútan var óðar komin í Borgarnes og þá var hringt á Laugum til að gefa upp staðsetninguna.

Laugar framundan og tilhlökkunin frá því í haust alveg að breytast í raunveruleika. 9. bekkingar Lindaskóla búnir að safna allt í allt u.þ.b. 62% af heildarkostnaði, sumir meira aðrir minna. En nú var þetta sem sagt allt að gerast.

Komum að Laugum í Sælingsdal um 12:30, smá útlistingu á reglum, tímaplani, verkaskiptingu og ýmsum áréttum. Þá léttur hádegisverður og hópurnir þrískiptur kominn í fyrsta prógram áður en nokkur gat sagt “hána uppá hól”.

Allir fengu hóparnir yfirferð í nafnaleik, íþróttastússi og traustagöngu, en þá leiðir sjáandi annan sem er með bundið fyrir augu.

Eftir kvöldmat var enn eitt samhringsleikjastuðið. Hlegið og hlaupið, hoppað og skoppað.

Þá við komum hér að Laugum voru hornfirskir jafnaldrar fyrir. Þau höfðu komið seint í gærkvöldi eftir rúmlega tíu tíma akstur og sögðust hafa tafist í slæmsku í Örafasveitinni. Þetta eru nú krakkar ósköp lík þessum úr uppsveitum Kópavogs.

Gaman að sjá þegar unglingarnir muldu hvorjir aðra eftir kúnstarinnar reglum þeirra er sitthvoru kyninu tilheyrja. Svo kom að einn pilturinn sagði stundarhátt við aðra systurina, sem er tvíburi; “Hvað ertu eiginlega stór?” og hún svaraði að bragði; “Hvað ert þú eiginlega lítill?”

Svona gekk þetta allt vel og allt í góðu. Menn og konur að sættast vel við herbergjaskipan og þá sem þvar dveljast til alls samlætis. Einhver krankleiki gerði vart við sig fyrsta kvöldið. Meintum sjúklingi skipað að leggjast sem fyrst til að sjá hvort ekki tíminn og ónæmiskerfið sigri ekki óværuna sem á sveininn unga sækir nú um stund.

Þá þetta er leturfært í myrku skjóli nætur er komin ró yfir, nema þá helzt í síðustu gustum vetrarins sem heyir baráttu fyrir tilveru vinni gegn birtu og hlýindum, alveg eins á vori krakkanna okkar, sem eiga eiginlega ekkert nema framtíð.

Á morgun er jú dagur nýr, sem er helzta hráefnið í lífshamingjukökuna okkar allra. Við bökkum eitthvað skemmtilegt, gott og fræðandi undir handleiðslu hins ágæta starfsfólks sem hér ræður öllu nema veðrinu og hitastiginu innan skrokks og utan. Vonandi hjarnar sá slappi við. Það er sem fyrr í blóma mannlífsins, við megum engan mann missa og heldur engan tíma missa.

Dagur 2 á Laugum.

MET ! -- MET !!

Nemendur í skólabúðunum slógu skyrmet stofnunarinnar í dag. Það fóru 20 kíló af óhrærðu skyri ofan í mannskapinn í hádeginu – og það áður en við fararstjórnarnir fengum nokkuð. Nemendur hér eru 83. Marta í eldhúsinu sagði þetta mun meira en þegar um 120 manns voru hér um daginn.

Hvað veldur ??

Er það axjón á staðnum ? eru þau orðin hundleið á pizzum, hamborgurum og vesturbæjarís?

Kannski.

Var ef til vill morgunmaturinn misheppnaður ?

Onei !

En það var fleira í uppsiglingu.

Dagskrá í leikfimisal og skólatími og svo var gönguferð á nálægan stapa í eftirmiðdaginn. Og viti menn hakkabuffið rann eftir bragðlaukunum sem hver önnur nautahjörð á hásléttum Argentínu. Kartöflur í paprikukryddi rúlluðu í hundraðavís, heilu kálgarðarnir af salati hurfu, sósa og vatn með klaka í glasa og lítravís flóðu um vélindu og alla leið oní maga.

Reynt er að skammta lítið í einu en bjóða upp á ábót, svo sem minnst fari í flokkað ruslið. En allir mega koma aftur og fá annan temmilegan skatt, og jafnvel enn aftur. Það var því með hissu á brá sem einn starfsmaðurinn spurði eina prinsessuna okkar hví hún hefði sótt sér svona riflega fyrst hún væri nú að henda hálfu hakkabuffi í ruslið. “Skiptir ekki máli, ég er hvort sem er búin að borga fyrir þetta”. Við höldum að þetta hafi nánast verið það eina nýtilegt matarkyns, sem fór til spillis í allan dag. En viðhorf stúlkunnar má sannarlega fara til spillis.

Starfsfólk í eldhúsinu veit ekki hvort það á að hlæja eða gráta. Búið er að gera ráðstafanir með lasönjur og pöstur morgundagsins. Bæta við og auka.

Kvölddagskrá í leikfimisal vel heppnuð í léttum keppnisanda, byrjað á spurningakeppni og síðan alls kyns myndformsköpun úr heilum bunka af lífsglöðum níundu bekkjum.

Hópnum öllum er í stórum hluta dagskrár skipt í 3 hópa, grænn, rauður og blár. Svo bera þeir nöfn; Grænu baunirnar, Blue Lagoon og the Gingers

Svo var sundlaugin opin frá 20 til 21 og Sara skellti sér á sprett og hætti ekki fyrir en að loknum einum og hálfum kílómetra – segist vera í frí.

Snjór er yfir að mestu. Hitastig náði yfir núll gráðurnar svo þök hreinsuðu sig og nokkuð um snjóbráð.

En sumardagurinn fyrsti er jú í næstu viku og við Linda vorum að tala um að þetta væri ágætur árstími til að fara á Laugar í Sælingsdalnum. Það er orðið það bjart að auðveldara er um alla útivist. Veðrinu gæti jú dottið það í hug að vera jafnvel skaplegt.

Jú, við komumst að þeirri niðurstöðu að á þessum árstíma væri eiginlega allra veðra von í jákvæðri merkingu þess orðatiltækis, sem við munum nú ekki eftir að hafa heyrt, Þetta er alltaf notað svona í vondaveðratilgangi, en dugur finnst okkur vel í hina áttina líka.

- - - - -

En fyrir en varir sækir að okkur miðnætti, en þá skal allt komið í ró hér á Laugum.

Auðvitað gengur það eftir. - - Enda allir saddir - - eða hvað?

Dagur 3

“Jæja krakkar, hvernig er á Laugum ??”

Verra, betra, öðruvísi, skemmtilegra - - en þið áttuð von á ??”, spurði blaðamaður Laugapistla nokkur ungmenni innan og utan dagskrár í dag.

“Betra”

“Miklu betra”

“Mér leizt ekkert á þetta þegar við komum og okkur voru lesnar reglurnar, þá vissi ég ekki hvert ég var komin – en svo er þetta bara æðislegt”.

“Skemmtilegt, læri fullt”

Dagskráin hófst óvenju snemma í morgun, a.m.k. fyrir annan helming hópsins. Farið fyrir kl. 9 í langferðarbíl og heimsótt fjárbú (ein ær borin), hinar flestar kasóléttar, - ja nema hrútarnir. Þá skoðaður glænýr bær frá söguöld, svo kallaður tilgátubær frá dögum Eiríks rauða. Að lokum fórum við að skoða tæknivætt nútímafjós með mjaltaprælum, róbótum og ég veit ekki hvað og hvað. Börnin leidd í hluta sannleikans um nútíma landbúnað hér í héraðinu.

Hressir bændur tóku á móti okkur alúðlegir og krakkarnir áhugasamir, þægir og kurteisir. Sá sem sýndi þeim sögualdarbæinn var þó sýnu hressastur, gerði vel að gamni sínu, bakaði brauð á langeldi og brynju- og vopnavæddi börnin að sið víkinga.

Rifjuð voru upp hin ýmsu nöfn skepnanna, eins og t.d. hvað heitir stelpu-lamb og hvað er sauður, og þá ekki sá sem þekkist sem manngerð.

Ýmis torkennileg dýr voru líka til sýnis og áklapps, má þar nefna snar-ofvirkan Border-Collie hund, sem einnig var athyglisjúkur og þennan stutta tíma sem 21 krakki gaf kost á sér flaðraði hann að minnsta kosti 40 sinnum upp um hvern gest, enda móður og mäsandi þegar við héldum gangandi á brott og húsbóndinn kallaði hann heim. En það var annar hópur áleiðinni svo hann gat nælt sér í aðra útrás eins.

Í fjósinu voru landnámshænuungar (vá! tvö “u” saman í orði!) í nokkrum litbrigðum, kanínur og naggrísir. Allt voða sætt og mjúkt. Tvö lömb borin í fjárhúsinu sem við heimsóttum. Jú, það mátti halda á lömbunum og þegar annað kveinkaði sér heyrðist umhyggjutónn í einhverntíma verðandi mæðrum.

Ein sagði meira að segja; “Greyið, látum það til mömmu sinnar, það er að “me-a” !” Hinn helmingur krakkanna (það er reyndar enginn “betri” helmingur þeirra) fór ekki af bæ. Þau lærðu að spila félagsvist, sem má náttúrulega ekki nefna sínu rétta nafni svona rétt fyrir kosningar og svo fóru þau í enn einn samhristuleikinn. Nú má vart á milli sjá hvaða einstaklingur tilheyrir hvaða skóla, allir tala við alla og allir vinir.

Eftir kvöldmat og í ljósaskiptum fram í myrkur var farin hrollvekjuga um svæðið og sagðar sögur af framliðnum, afturgengnum og uppvakningum. Talað var um að mikið vatn rynni þar milli skinns og hörunds. Þessu tilheyrðu svakaleg öskur og skrækir og fólk var því óvenju hávaðasamt í kvöldskattinum, sem að þessu sinni var heitt kakó og “sæmundur”.

Svo er sundlaugin opin nánast í hverjum frítíma og þó nokkrir fara þar sér til snyrtingar og/eða láta líða úr sér í heita pottinum.

Enn stór dagur á morgun, fimmtudag, sem er síðasti heili dagurinn okkar hér í faðmi fjalla og góðs fólks.

Linda og Pjetur

Síðasti heili dagurinn.

Það er nú staðfest af Guinness heimsmetabókinni að Fanney á nýtt heimsmet í að hoppa jafnkinnandi. Fjórir metrar og tuttugu sentimetrar

Þetta þarfnast útskýringar. Á miðvikudagskvöldinu var farið í göngu um söguslóðir hér að Laugum. Gangan hófst í ljósaskiptunum og náði inn í svarta myrkur. Sögurnar náðu til þessa heims og annars og jafnvel þar á milli. Mikil hrollvekja á ferð og þegar krakkarnir voru komnir í kvöldskattinn hélt þetta nú áfram að hluta og Fanney var skammt frá hvar atvik gerðust. Henni brá mjög. Hún sem sagt hoppaði sitjandi af stólnum þessa 4,20m og lenti aftur á sitjandanum. Metið er svo afgerandi og smart að það er ekki einu sinni til heiti yfir aðferðina. Reynt að skírskota til þess, sem kallað er jafnfætis, nema í þetta sinn voru það rasskinnarnar, Þar af leiðandi þetta nýyrði “jafnkinnandi”.

Lífið gekk sinn vana, góða gang hér á Laugum í dag. Allt þar til kom að kvöldverði, sem í þetta sinn voru svaka freistandi pizzur og franskar og salat. Nú fengu þeir fyrstir í svanginn sem snyrtilegast höfðu gengið um herbergi sín hér á staðnum.

Hvort þetta fór illa í mannskapinn eða bara almenn svengd til flatbakanna skal ósagt en hamangurinn var alveg svakalegur. Það var eins og hér hefði ekki verið matarbiti af neinu tagi í marga daga. (Samt var hesthúsað svakalega af grjónagraft í hádeginu). Því miður jaðraði framkoma sumra við dónaskap og frekju. Leiðinlegur endir á annars þrúðri framkomu í matsal á öllum öðrum matmálstímum.

Svo voru Laugaleikarnir eftir kvöldmatinn, hvar liðin þrjú, sem sagt var frá í gær kepptu í hinum aðskiljanlegu keppnisgreinum. Ótrúlega fjölbreytt og spenningur mikill. Hávaði til hvatningar í sumum keppnisgreinum og grafarþögn í öðrum til að hjálpa upp á einbeitingu.

Allir tóku þátt í einhverri grein og sumir í fleiri en einni eða tveimur. Þeim sem sigruðu var tekið sem sigurvegurum í maraþonhlaupi á ólympíuleikum.

Sundlaugaparty næst. Dúndrandi músík á laugarbakkanum og þeir Ingvar og Jörgen dönsuðu og léku á annan hátt við hvurn sinn fingur.

Svo var krökkunum sýnt myndband tekið á hinum ýmsu stöðum og tímum dvalarinnar og mikið skríkt.

Þá var nokkurs konar verðlaunaafhending fyrir frammistöðu í alls konar sem á döfinni hefur verið og svo auðvitað fyrir sigur á Laugaleikunum frá því fyrr um kvöldið.

Verðlaunagripurinn var heill ananas á fæti, vínber græn og blá og vatnsmelóna í sneiðum. Kvöldskatturinn var skúffukaka með ljúfu kremi.

Sykursjokk var merkjanlegt og þá þetta er leturfært er ekki enn komin ró þó klukkan tifi yfir tvö.

Heim á morgun föstudag, allt planað og niðurnjörvað um viðskilnaðinn. Leggjum í hann kl 11 og reiknum með heimkomu um kl 14.

Þetta var fljótt að líða og krakkarnir fengu hrós fyrir margt, enda stóðu þau sig þrýðilega. Starfsmenn voru þó hissa á dræmri þátttöku í sundlaugarpartyinu, sem þeir sögðu þá minnstu í minnum, svona presentvís séð.

Höfundur er Pjetur Maack kennari í Lindaskóla